



Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir), gerði þetta plakati fyrir Hapdrætti Háskóla Íslands en grafísk hönnun fær sitt pláss á sýningunni en safnið leitir nú að plakötum úr hönnunarsögunni.



Hengilampi úr áli, Hekla (1962), eftir Jón Ólafsson og Pétur B. Lúthersson. Þegar Jón og Pétur voru á öðru ári við nám í Listiðnaðarskólunum í Kaupmannahöfn tóku þeir þátt í lampasamkeppni. Hugmynd þeirra var að hanna lampa með góðri lýsingu en að hafa hann þannig að hann mætti leggja saman við geymslu til að minnka fyrirferð. Lampinn hlaut fyrstu verðlaun og var framleiddur af Fog & Mörup í Danmörku í 15 ár og seldur víða um heim. Hann fékkst einnig á Íslandi í Rafbúð Domus Medica en í dag má helst finna hann hjá antikshöfundum sem sérhæfa sig í norrænni hönnun. Form lampans hvað lýsingarhönnunina sjálfa varðar er dæmigert fyrir ljóshönnun norræna hönnuða og arkitekta eins og Alvars Aalto og Pouls Henningsen, þar sem lýsingin dreifist vel niður og skífurnar veita mjúkri birtu til hliðanna og upp.



Gærustóll frá um 1960. Ásgeir Einarsson framvæmdastjóri húsgagnagerðar Sindra hf. á þeim tíma, hannaði Sindrastóllinn eins og hann er gjarnan nefndur. Þennan stól þekktu margir Íslendingar. Hann varð mjög vinsæll og var bæði notaður í unglingsherbergi og stofur Íslendinga. Nútímalegt form stólsins er fengið með trejaplástskel sem gæran klæðir af og má segja að ný formsköpun hafi komið fram í slíkum húsgögnum, þegar stálgrindur og ekki síst ýmis plastefni urðu vinsæl í húsgagnagerð. Íslensk sauðgæra jók á frumleikann og varð vinsælt áklæði um tíma.



Gunnar H. Guðmundsson hannaði stólinn Höfðingja. Frumgerð stólsins var gerð árið 1959-1960 og annaðist húsgagnasmíðaverkstæði Friðriks Þorsteinssonar við Skólavörðustíg smíðina en Bólstrun Ásgrims P. Lúðvíkssonar við Bergstaðastræti vann alla leðurvinnu. Kristján Siggeirsson hf. hóf svo framleiðslu á honum og var hann meðal annars notaður lengi á Kjarvalsstöðum. Stóllinn var sýndur á listiðnaðarsýningu í München árið 1961 og hlaut þar gullverðlaun fyrir hugmynd og handverk.

Húsgögnin okkar

Íslensk húsgögn frá því um og upp úr miðri síðustu öld skipa stóran sess í sýningunni Hlutirnir okkar, sem stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Sýningin varpar ljósi á íslenska hönnunarsögu, sem hefur enn ekki verið rannsökuð til hlítar.

Texti: Inga Rún Sigurðardóttir ingarun@mbl.is
Myndir: Kjartan Þorbjörnsson gollli@mbl.is

Sýningin Hlutirnir okkar hefur verið opnuð í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ. Sýningin er á völdum gripum úr eigu safnsins en frá stofnun þess árið 1998 hefur safnið fengið marga góða gripi sem varpa ágætu ljósi á íslenska og erlenda hönnun. Safneignin endurspeglar nú þegar þá miklu fjölbreytni sem hönnunarsagan samanstendur af en að þessu sinni er lögð áhersla á að sýna íslensk húsgögn og prentgripi.

„Íslensk hönnunarsaga er óljós að því leyti að hún hefur ekki enn verið rannsökuð til hlítar og almenningur hefur ekki haft greið-

an aðgang að þessari sögu. Þó eigum við auðvelt með að draga upp mynd af mörgu því sem hefur skapað hönnunarvettvanginn á Íslandi, til að mynda af þeirri iðnvæðingu sem hér varð á 20. öldinni við nútímavæðingu íslensks samfélags,“ segir á vef safnsins.

Húsgögnin á meðfylgjandi myndum eiga það sammerkt að vera frá því um eða eftir miðja síðustu öld.

„Húsgagnaframleiðsla var gríðarlega stór og sinni heimamarkaði,“ segir Harpa Þórsdóttir safnstjóri. Hún segir íslensku hönnunarsöguna hefjast með fyrstu menntuðu arkitektunum og húsgagnahönnuðunum en Hönnunarsafni Íslands

Stóllinn með bláu setunni er hannaður árið 1962 af Sveini Kjarval fyrir Kaffihúsið Tröð, sem var á annarri hæð hússins við Austurstræti 18. Hafin var endurframleiðsla á stólinum árið 2003 af húsgagnaframleiðandanum Hansen & Sørensen í Danmörku en slík endurframleiðsla á íslenskum húsgögnum 20. aldar er næsta fátíð enn sem komið er. Hinn tréstoillinn er líka eftir Svein og er frá 1952 á meðan sá efsti er borðstofustóll eftir Árna Jónsson frá um 1960.





Spira, svefnbekkur og sófi eftir Pörr G. Guðmundsson, frá 1965. Pörr hann aði sjálfur ullarefnið á sófanum og var hann framleiddur í ýmsum litbrigðum í mörg ár. Pörr fékk einkaleyfi á þeirri lausn sem felst í því að breyta sófanum í rúm.

safnar aðeins gripum gerðum eftir aldamótin 1900. „Við þekkjum ekki nógu vel þessa sögu,“ segir hún og sér fyrir sér að íslensk hönnunarsaga verði kennd sem hluti af listfræðikennslu í Háskóla Íslands.

Vel væri hægt að hugsa sér að einhver af þessum húsgögnum yrðu framleidd á ný en vinsældir danskrar hönnunar frá svipuðum tíma eru miklar. „Til þess þyrftum við að þekkjast þetta betur og segja: Við viljum íslenskt,“ segir Harpa.

Nýrri gripir eru líka á sýningunni og þar eru sýnd verk eftir íslenska hönnuði í alþjóðlegu samhengi, en margir hérlendir hönnuðir hafa starfað í samstarfi við erlend hönnunarfyrirtæki

á síðustu árum. Ennfremur eru erlendir gripir á sýningunni til að setja hlutina í alþjóðlegt samhengi.

Sýningin stendur til 16. október næstkomandi.



Skannaðu kóðann til að lesa frétt um sýninguna Hlutirnir okkar í Hönnunarsafninu.

mbl.is

Þessi svefnherbergishúsgögn frá fjórða áratugnum eru úr búi hjónanna Vigdísar Reykdal og Einars Sveinssonar arkitekts, húsa-meistara Reykjavíkur. Leiða má að því líkum að þau séu smíðuð eftir teikningum Einars og er settið dæmi um afar vandaða smíð.



Borðstofuhúsgögn eftir Sigvalda Thordarson frá um 1960. Tekkið varð vinsælt hér eins og víðar í Evrópu á áratugnum frá 1950-1970. Borðstofuhúsgögnin sem hér eru sýnd voru lengi framleidd og þetta sett var keypt árið 1964. Skenkar sambærilegir þessum urðu einnig vinsælir og má finna þá í mismunandi útfærslum eftir ólíka hönnuði.



Armstóll frá því um miðjan fjórða áratuginn eftir Ólaf B. Ólafsson. Stálgrindin er fjaðrandi en eikarbotninn ljær stólnum hornréttu línu sem er brotin upp af sveigðum krómpípunum. Íslenska salún-áklæðið er í senn þjóðlegt en líka framandi fyrir svo evrópskan stól.



Kaffistell frá því í kringum 1950 eftir Benedikt Guðmundsson. Þetta er renndur íslenskur leir og stellið er handmálað.